Endurmenntun 2017
PP1


dómari 1
dómari 2
dómari 3
dómari 4
upphaf tímatöku
lok tímatöku
tímataka 100 m
0m
25m mark
50m mark
100m mark
150m mark
200m mark
trekt
25.0
25.0
100.0
50.0
fet
brokk
tölt
stökk
niðurtaka
skeið
niðurhæging
niður á fet

Dómari 1

- **Almennt:** Ríða skal hestinum á slöku feti, tölti eða brokki inn í trektarkaflann (0-25 m). Snemma í trektinni skal skipta hestinum á kraftmikið en spennulaust stökk og láta hann stökkva inn í niðurtökukaflann (25-50 m). Þar skal knapi leggja hestinn af stökki á skeið með mjúkum, ákveðnum ábendingum án þess að hægja ferð. Þegar hesturinn kemur inn í tímatökukaflann skal hann vera á hreinu og góðu skeiði.

Útfærsla	Niðurtaka á skeið inni í trektinni. Gangskipting yfir á stökk á röngum stað (fyrir framan 0-línu). Gangskiptingar hastarlegar. Mjög hægt stökk og skeið. Minna en 2-3 skref á stökki.	Gangskiptingar taka of langan tíma. Tíðar leiðréttingar.	Miðlungs ferð á stökki og skeiði.	Góð ferð á stökki og skeiði Góð hraðaaukning. Mjúkar gangskiptingar. Mjög fáar leiðréttingar.
	0-3	3.5-5	5.5-7	7.5-10

Dómari 1 Önnur tilmæli

Gefa skal 0 í einkunn ef...

- hesturinn er ekki á skeiði á 50 metra línu (upphaf tímatöku)
  - Mjög fjórtakta skeið yfir lína skal fara eftir leiðara(Taktur/jafnvægi)

Taktur / Jafnvægi	Mjög slæmur taktur, mjög lítið svif, mjög ójöfn skref.	Takt- og jafnvægisvandamál Greinilegt svif	Viðunandi taktur, stöku jafnvægis-vandamál	Góður taktur og hrynjandi, gott jafnvægi, jöfn skreflengd, gott svif.
	0-3	3,5-5	5,5-6,5	7-10

- ekki er skipt af stökki yfir á skeið eftir 0 metra línu
- lagt er af kýrstökki á skeið í gegnum víxl

Hestur telst vera kominn inn í framangreinda kafla þegar hann fer yfir merkilínu á milli þeirra.

Dómari 2/3

Almennt: Þegar hesturinn kemur inn í tímatökukaflann skal hann vera á hreinu og góðu skeiði. Knapi skal sýna öruggt og kraftmikið skeið þar sem samspil knapa og hest er haft í fyrirrúmi. **Auk gæða skeiðsins skal reiðfærni og nákvæmni í útfærslu vega þungt í matinu**.

Taktur / Jafnvægi	Mjög slæmur taktur, mjög lítið svif, mjög ójöfn skref.	Takt- og jafnvægisvandamál Greinilegt svif	Viðunandi taktur, stöku jafnvægis-vandamál	Góður taktur og hrynjandi, gott jafnvægi, jöfn skreflengd, gott svif.
	0-3	3.5-5	5.5-6.5	7-10

Dómari 2/3 Önnur tilmæli

Gefa skal 0 í einkunn ef

- hestur er á mjög hægu skeiði,
- ekki á skeiði á 50 metra línu (upphaf tímatöku)
- stekkur upp einhvers staðar á tímatökukaflanum

Hestur telst vera kominn inn í framangreinda kafla þegar hann fer yfir merkilínu á milli þeirra.

Dómari 4

Almennt: Ríða skal hestinum á **kraftmiklu** skeiði inn í niðurhægingarkaflann. Þar skal knapinn hægja ferðina **mjúklega** og **án átaka.** Til að hljóta hæstu einkunn þarf hesturinn að vera kominn á fet fyrir lok niðurhægingarkaflans. Knapinn skal sýna að hann hafi fullkomna stjórn á hestinum.

Útfærsla	Komið inn í niðurhægingarkafla á mjög ferðlitlu skeiði Mjög lítil niðurhæging Niðurhæging hastarleg	Komið inn í niðurhægingarkafla á meðal skeiðferð	Komið inn í niður-hægingarkaflann á góðri ferð. Skýr niðurhæging, mjúkt og átakalaust. **Fyrir 8 eða hærra:** Á fet áður en 200 metra lína er rofin.
	0-3	3.5-7	7.5-10

Dómari 4 Önnur tilmæli

Gefa skal 0 í einkunn ef

- hestur er ekki á skeiði á 150 metra línu
- hesturinn stekkur upp á niðurhægingarkaflanum
- hestur hægir ekki niður

Hestur telst vera kominn inn í framangreinda kafla þegar hann fer yfir merkilínu á milli þeirra.

Dómari skal alltaf taka afstöðu til einkunnar miðað við hraða

Meðal skeiðferð vs góð ferð



Útfærsla	Komið inn í niðurhægingarkafla á mjög ferðlitlu skeiði Mjög lítil niðurhæging Niðurhæging hastarleg	Komið inn í niðurhægingarkafla á meðal skeiðferð	Komið inn í niður-hægingarkaflann á góðri ferð. Skýr niðurhæging, mjúkt og átakalaust. **Fyrir 8 eða hærra:** Á fet áður en 200 metra lína er rofin.
	0-3	3.5-7	7.5-10

8.7.19.6 Einkunnatafla

Sek.	Einkunn
< 8,0	20,0
8,1	19,5
8,2	19,0
8,3	18,5
8,4	18,0
8,5	17,5
8,6	17,0
8,7	16,5
8,8	16,0
8,9	15,5
9,0	15,0
9,1	14,5
9,2	14,0
9,3	13,5
9,4	13,0
9,5	12,5
9,6	12,0
9,7	11,5
9,8	11,0
9,9	10,5
10,0	10,0
10,1	9,5
10,2	9,0
10,3	8,5
10,4	8,0
10,5	7,5
10,6	7,0
10,7	6,5
10,8	6,0
10,9	5,5
11,0	5,0
11,1	4,5
11,2	4,0
11,3	3,5
11,4	3,0
11,5	2,5
11,6	2,0
11,7	1,5
11,8	1,0
11,9	0,5
12,0 eða hægar	
0,0	

Meðal skeiðferð vs góð ferð

Góð			Meðal			Mjög ferðlitlu		
8	20	10	9,4	13	6,5	10,7	6,5	3,25
8,1	19,5	9,75	9,5	12,5	6,25	10,8	6	3
8,2	19	9,5	9,6	12	6	10,9	5,5	2,75
8,3	18,5	9,25	9,7	11,5	5,75	11	5	2,5
8,4	18	9	9,8	11	5,5	11,1	4,5	2,25
8,5	17,5	8,75	9,9	10,5	5,25	11,2	4	2
8,6	17	8,5	10	10	5	11,3	3,5	1,75
8,7	16,5	8,25	10,1	9,5	4,75	11,4	3	1,5
8,8	16	8	10,2	9	4,5	11,5	2,5	1,25
8,9	15,5	7,75	10,3	8,5	4,25	11,6	2	1
9	15	7,5	10,4	8	4	11,7	1,5	0,75
9,1	14,5	7,25	10,5	7,5	3,75	11,8	1	0,5
9,2	14	7	10,6	7	3,5	11,9	0,5	0,25
9,3	13,5	6,75				12	0	0

Dæmt úr leik

- Ef hestur fær 0 frá öðrum eða þriðja dómara og/eða rautt flagg frá ræsi eða dómara á endamarki er ekki gefin einkunn fyrir tíma.
- Ef 3 dómarar gefa 0 fyrir sama hlaupið er hestur dæmdur úr leik.
- 0 fyrir tíma gildir ekki til útilokunar.
- Eftir að keppandi hefur verið kallaður upp og hefur hafið aðreið að rásmarki er honum ***óheimilt*** að taka baug eða snúa við. Skal hann þá dæmdur úr leik.

Einn eða tveir sprettir

- PP1

8.7.19.5 Dæmt úr keppni

Ef hestur fær 0 frá öðrum eða þriðja dómara og/eða rautt flagg frá ræsi eða dómara á endamarki er ekki gefin einkunn fyrir tíma. Ef 3 dómarar gefa 0 fyrir sama hlaupið er hestur dæmdur úr leik. 0 fyrir tíma gildir ekki til útilokunar.

Eftir að keppandi hefur verið kallaður upp og hefur hafið aðreið að rásmarki er honum óheimilt að taka baug eða snúa við. Skal hann þá dæmdur úr leik.

Einn eða tveir sprettir frh.

- **8.7.20 PP2 – Gæðingaskeið**
- **8.7.20.1 Völlur**

þessi grein fer fram á velli sem uppfyllir skilyrði fyrir gæðingaskeið. Vinsamlegast skoðið teikningar... Vísað er til mynda sem fylgja. Hvert par skal taka þátt í að minnsta kosti tveimur og í mesta lagi þremur sprettum (hinn þriðji er frjáls), þó eru einungis tveir bestu reiknaðir til einkunnar.

Jafntefli í pp1 og pp2

PP1

8.7.19.2

Meðaltal einkunna tveggja spretta ræður lokaröðun. Séu fleiri en einn með jafnar einkunnir í fyrsta sæti ráða einkunnir dómara sætaröðun (þ.e.ekki tími) (þetta á ekki bara við um efsta sæti heldur skal knöpum neðar einnig raðað eftir þessari reglu). Séu einkunnir jafnar er riðinn einn aukasprettur og eftir að dómarar hafa fengið að vita tíma hestanna skulu þeir sýna röðun þar sem einungis má sýna fyrsta sætið einu sinni.

PP2

8.7.20.3

- Ef tíminn er einnig jafn eru úrslit þriðja spretts einnig teknir með í reikninginn. Ef knapar eru þá enn jafnir skal riðinn aukasprettur og eftir að hafa fengið upplýsingar um tíma skulu dómarar gefa upp röðun.

SKEIÐ – á hringvelli

Almennt: Hesturinn fer á tvítakti, er kraftmikill, hefur greinlegt svif og góða ferð.Hesturinn stinnir bakið, lengir yfirlínuna, teygir hálsinn fram og opnar kverk. Í sviffasa skeiðsins teygjast hliðstæðir fram- og afturfætur langt fram og hliðstæðir fætur gagnstæðrar hliðar teygjast langt aftur.

	Slök sýning	Sýning í tæpu meðallagi	Sýning í rúmu meðallagi	Góð sýning	Frábær sýning
	0 0,5 **1** 1,5 **2**	2,5 **3** 3,5 **4** 4,5 **5**	5,5 **6** 6,5	**7** 7,5 **8**	8,5 **9** 9,5 **10**
Reiðfærni/ Samband	Gróf reiðmennska (gult spjald), mjög slök reiðfærni, alvarleg ósamvinnu-þýðni, mjög slæmt samband	Greinileg mistök í reiðmennsku Vandamál varðandi samband *Alvarleiki ágalla skal koma fram í einkunn*		Reiðmennska yfirleitt góð Hestur sáttur og hlýðir ábendingum knapa öllu jafna	Frábært samspil knapa og hests Mjög gott samband Úrvals reiðfærni
Taktur / Jafnvægi	Mjög slæmur taktur, mjög lítið svif, mjög ójöfn skref.	Takt- og jafnvægisvandamál Greinilegt svif	Viðunandi taktur, stöku jafnvægis-vandamál	Góður taktur og hrynjandi, gott jafnvægi, jöfn skreflengd, gott svif.	

Mýkt / Slökun	Mjög mikill stirðleiki eða spenna	Stirðleiki eða spenna Heftar hreyfingar	Hestur yfirleitt nokkuð mjúkur/slakur	Mikil mýkt, fjöðrun Óheftar hreyfingar
Form / Hreyfingar	Mjög alvarlegir formgallar, mjög stutt og tíð skref, mikið kraftleysi, mjög lítil virkni í afturhluta	Tíð skref, lítill fótaburður, greinilegir formgallar, skortir kraft	Stöku formgallar, hreyfingar og rými í meðallagi	Form án teljandi ágalla, rúmar og háar hreyfingar,kraftur, spyrna, góður burður í baki og góð virkni í afturhluta
				Mikið fas
Útfærsla	Mjög hægt			Mjúkar gangskiptingar á réttum stöðum Góð ferð

SKEIÐ – á hringvelli

Dómurinn skal byggjast á heildarsvip sýningarinnar (allt frá byrjun þegar sett er upp á stökk og þangað til að hægt er niður í lokin) þar sem bæði gæði skeiðsins og tæknileg útfærsla eru höfð til hliðsljónar.

Til þess að hljóta einkunn fyrir skeið skal hesturinn lagður á skeið áður en langhlið byrjar og skeiða fullan sprett langliðina á enda.

Ef það tekur hest 2-3 hestlengdir að ná mjög greinilegu svifi eftir að komið er inn á langhlið skal það teljast fullur sprettur en hafa áhrif á einkunn. Hið sama á við ef svifið verður ógreinilegt þegar hægt er niður 2-3 hestlengdum áður en langhlið endar.

Athugið:
Þetta á ekki við ef hestur er lagður á skeið eða hann stekkur upp af skeiði á þessum 2-3 hestlengda köflum.

Gangskipting: lagt á skeið

Nálægt beygjunni sem er á milli miðju skammhliðar og upphafs langhliðar skal hesturinn tekinn átakalaust af stökki niður á fljúgandi skeið. Gangskiptinginn skal vera öflug og kraftmikil. Gæði gangskiptingarinnar skulu vega þungt í heildarmatinu.

Sé hestinum rennt í skeiðið eða hann lagður á skeið fyrir framan miðju skammhliðar verður að draga frá. Þetta á líka við um ef hestur fer af stökki á greinilegt tölt og svo á skeið.

Frádráttur: 2.0

Hesturinn skal ekki taka skeið fyrr en hann getur farið beint inn í langhliðina (græna svæðið). Þessi staður er breytilegur eftir lögun vallar. Hesti skal aldrei ríða á skeiði í gegnum beygju.



Gangskipting: hægt niður

Að skeiðinu loknu skal hesturinn hægður niður með því að ríða honum prúðlega inn í beygjuna. Gæði gangskiptingarinnar skulu vega þungt í heildarmatinu.

Fari hesturinn á kýrstökk eftir skeiðið verður að draga frá.

Frádráttur: 1.0 – 2.0
Fer eftir því hve alvarlegt atvikið er

Frádráttur vegna kýrstökks að loknu skeiði fer eftir aðstæðum. Þegar hesti er riðið glannalega á mikilli skeiðferð of langt inn í beygjuna skal beita hámarks frádrætti. Þess konar reiðlag er líklegt til að valda áverkum og ber að refsa fyrir það með afgerandi hætti.



Útreikningur lokaeinkunnar fyrir skeið:

Hver sprettur er dæmdur fyrir sig og á endanum skal lokaeinkunn styðjast við meðaltal tveggja bestu spretta. Þegar þrír sprettir eru riðnir telur lakasti spretturinn aldrei með nema að gult spjald hafi verið gefið fyrir grófa reiðmennsku í þeim spretti.

Gullt spjald:



Sé gult spjald gefið vegna grófrar reiðmennsku fyrir **einhvern** sprettanna má lokaeinkunn fyrir skeið ekki vera hærri en 2.0. Einnig er mögulegt að lækka aðaleinkunn um 0.5 til 2.